

Smitsjúkdómar sem fyrirbyggja má með bólusetningum hjá börnum, unglungum og ungu fólki á Íslandi – er þörf á umbótum?

Íris Kristinsdóttir, nýdoktor og sérnámslæknir í barnalækningum, HÍ og Landspítala

Bólusetningar eru á meðal mikilvægustu uppgötvana læknavísindanna. Mikilvægt er að bólusetningarskemu taki mið af framförum í þróun bóluefna og faraldsfræði smitsjúkdóma. Fjórar rannsóknir voru gerðar til að meta þörf á umbótum á bólusetningum barna, unglinga og ungs fólks á Íslandi, með tilliti til rótaveiru, meningókokka og inflúensu.

Í rannsókn I var sjúkdómsbyrði rótaveiru á ung börn og fjölskyldur þeirra metin, sem og kostnaðarhagkvæmni bólusetninga gegn rótaveiru. Rannsóknin tók til barna undir sex ára aldri sem komu á Bráðamóttöku barna með bráðar garnasýkingar á árunum 2017 og 2018. Rannsóknin sýndi að rótaveira er algengasta veiran í bráðum garnasýkingum sem leiða til komu á Bráðamóttöku barna. Hún veldur umtalsverðri sjúkdómsbyrði á ung börn og vinnutapi foreldra. Bólusetningar gegn rótaveiru væru kostnaðarhagkvæmar á Íslandi.

Í rannsókn II var algengi einkennalausrar meningókokka-sýklunar rannsakað hjá leikskólabörnum, 10. bekkingum og framhaldsskólanemum. Meningókokka-berum var fylgt eftir með endurteknum sýnatökum á 3-6 mánaða fresti í allt að 27 mánuði. Engin leikskólabörn báru meningókokka en 0,5% 10. bekkinga og 6,5% menntaskólanema voru meningókokkaberar. Algengast var að bera óhjúpaða meningókokka en af hjúpuðum meningókokkum voru meningókokkar B algengastir. Niðurstöður rannsóknarinnar, auk faraldsfræði ífarandi meningókokka-sýkinga á Íslandi, benda ekki til þess að þörf sé á breytingum á bólusetningum gegn meningókokkum á Íslandi.

Í rannsókn III var ónæmissvar við inflúensubólusetningu hjá unglungum með offitu rannsakað og borið saman við ónæmissvar hjá unglungum í kjörþyngd. Þrjátíu unglingar með offitu og 30 unglingar í kjörþyngd tóku þátt í rannsókninni. Blóðprufur voru teknar fyrir bólusetningu og fjórum vikum eftir bólusetningu. Bæði vessabundið og frumubundið ónæmissvar var svipað hjá hópunum tveimur.

Í rannsókn IV var upptaka inflúensubólusetningar meðal barnshafandi kvenna metin yfir 10 inflúensutímabil, 2010-2020, sem og sjúkdómsbyrði inflúensu hjá barnshafandi konum og ungbörnum þeirra á fyrsta ári lífs. Bólusetningarhlutfallið var lægst 6,2% á inflúensutímabilinu 2010-2011 en hækkaði yfir rannsóknartímabilið og var hæst 37,5% 2019-2020. Inflúensubólusetningar á meðgöngu vernda barnshafandi konur og ungbörn þeirra gegn inflúensu á því inflúensutímabili sem bólusetning er gefin.